

BREYTINGAR Á RÉTTINDAKERFI STAPA

– HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ FYRIR MIG?

Á ársfundi Stapa lífeyrissjóðs þann 29. apríl 2015 var samþykkt að taka upp nýtt réttindakerfi hjá sjóðnum. Ákveðið var að þetta nýja kerfi tæki gildi þann 1. janúar 2016. Með breytingunni var horfið frá svokallaðri aldurstengdri réttindaávinnslu og tekin upp ný aðferð sem kölluð hefur verið **eignatengd réttindaávinnsla**.

Hvað varð um réttindi mín í gamla kerfinu?

Á því yfirliti sem fylgir með eru upplýsingar um iðgjöld, sem skilað var til sjóðsins fyrir árslok 2015 og þau réttindi, sem þú hafðir áunnið þér í lok árs 2015 í eldra kerfi. Þessi réttindi eru færð óbreytt yfir í nýtt kerfi.

Hver er munurinn á gamla og nýja kerfinu?

Í gamla kerfinu, sem kallað er aldurstengd réttindaávinnsla, ávinnast réttindi í samræmi við 3,5% raunávöxtun. Í nýja kerfinu ávinnast réttindi í samræmi við ávöxtun sjóðsins hverju sinni.

Hvers vegna var breytt um kerfi?

Í almennum lífeyrissjóði eins og Stapa eru lífeyrisréttindin tryggð með eignum sjóðsins. Eignirnar eru ávaxtaðar á markaði og ávöxtunin er misjöfn frá ári til árs. Ávöxtun eignanna er því yfirleitt önnur en sú 3,5% raunávöxtun sem réttindaávinnslan í gamla kerfinu miðast við. Þetta getur leitt til þess að munur myndast á verðmæti eigna sjóðsins og þeirra réttinda sem sjóðfélagar eiga hjá honum. Verði munurinn of mikill verður lögum samkvæmt að laga réttindin að eignum með því að auka þau eða skerða. Í nýja kerfinu breytast bæði eignir og réttindi í samræmi við ávöxtun sjóðsins, sem tryggir jafnvægi þar á milli.

Hvað er réttindasjóður?

Nýja kerfið byggir á svokölluðum réttindasjóði. Réttindasjóður eru uppsöfnuð iðgjöld sem þú hefur greitt til sjóðsins ásamt þeirri ávöxtun sem þau hafa fengið. Réttindasjóðurinn eru þeir fjármunir sem til eru í sjóðnum til að standa undir eftirlaunum þínum í framtíðinni. Hann mun halda áfram að vaxa með innborgun á iðgjöldum og ávöxtun.

Hvaða áhrif hefur þessi breyting til lengri tíma litið?

Þessi breyting þýðir að líklegt er að réttindin sveiflist meira frá ári til árs. Breytingarnar koma hins vegar jafn óðum, en ekki í stórum stökkum eins og vildi verða í eldra kerfi þegar mikill munur varð á verðmæti eigna og lífeyrisréttinda. Til lengri tíma litið breytir þetta hins vegar ekki miklu þar sem endanlegur lífeyrir frá lífeyrissjóði mun alltaf ráðast af því hvernig gengur að ávaxta eignir sjóðsins.

Næsta yfirlit

Þetta yfirlit sýnir lokastöðu þína í eldra réttindakerfi og jafnframt þann réttindasjóð sem stendur á bak við eftirlaunaréttindin þín. Réttindasjóðurinn sýnir upphafsstöðu þína í nýju réttindakerfi. Á næsta yfirlit munt þú sjá hvernig réttindasjóðurinn breytist í samræmi við innborguð iðgjöld og þá ávöxtun, sem sjóðurinn hefur náð á eignirnar.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins www.stapi.is en þar er m.a. mjög margþætt upplýsingagjöf undir „Spurt og svarað“ sem við hvetjum sjóðfélaga til að kynna sér.

Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn miðviku-daginn 4. maí kl. 14:00 í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri.

Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.